


Frábært námskeið með Giuseppe Rumerio

Ítalski myndhöggvarinn Giuseppe Rumerio hélt námskeið í leirmótun á vinnustofu Jóns Adolfs, trélistamanns, á Dalvegi 12 í Kópavogi. Námskeiðið stóð yfir í 5 daga, frá 31.8.-4.9. s.l. 12 manns voru á námskeiðinu og nokkrir höfðu reynslu því Rumerio hefur áður komið til Íslands. Rumerio er heimspektur myndskeri og er færni hans ótrúleg. Þegar maður horfir á fjölbreyttar tegundir dýra sem hann hefur skorið/höggvið út er engu líkara en þau standi ljóslifandi fyrir framan mann. Rumerio leggur áherslu á að móta allar fyrirmyndir úr leir áður en hafist er handa við útskurð. Þar reynir sannarlega á auga og hönd því ekkert er einfalt. Fyrir undirritaða sem aldrei hafði komið nálægt leirmótun var þetta eins og opinberun. Fyrsta verkefnið var banani og taldi ég að það ætti nú ekki að vefjast fyrir mér. Ég myndi bara rúlla leirnum upp í pulsu og klípa svo í á réttum stöðum við mótunina. Annað kom á daginn þegar meistarinn hóf kennsluna. Bananinn skyldi mældur í bak og fyrir, allir skuggar á réttum stöðum og þrívíddin í hávegum höfð. Gripurinn er mótaður með þumalfingeri og bókstaflega smurður á tréplötu. Svo smám saman fjölgaði fyrirmyndunum; alls konar furðuskepnur úr plasti voru mældar og mótaðar. Dagarnir liðu með ljóshraða og allir voru sammála um ágæti kennslunnar fyrir utan allan fróðleik sem Rumerio miðlaði til okkar. Að lokum langar mig til að þakka þeim sem stóðu að komu Rumerio. Það er sannarlega hvalreki fyrir okkur áhugafólk um tréútskurð að eiga kost á sækja slíkt námskeið. Auður Þorgeirsdóttir



Brýnið

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð

Netfang: stefan1976@simnet.is

Heimasíða: treskurdur.muna.is

Ritstjórn er stjórn félagsins

Brýnið

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð
3. tbl. 20. árgangur 2015

Frá formanni

Haustlitir senn að hverfa af trjám og nýbrýnd tréskurðarjárn komin á loft, ég vona að allir hafi átt gott sumar, vetrarstarfið er hafið og flestir byrjaðir að glíma við ný og spennandi verkefni. Nýja stjórninn hefur komið sér vel fyrir og vinnur í að efla og gera gott félag enn betra. Árið er búið að vera skemmtilegt dagskráin okkar er á þessa leið opnu húsin verða á sýnum stað auglýst tímanlega sem og vinnustundirnar hvet ég alla að mæta sýna sig og sjá aðra þetta er alltaf skemmtilegt, nýjar hugmyndir og góð ráð handan við hornið, gott spjall og eðal kaffi. Spennandi tímar framundan tíminn lýður heldur betur og komið að afmælisári hjá okkur, félagið okkar stofnað 2.mars 1996 og hvorki meira né minna en 20 ára afmæli hjá okkur á næsta ári, munum við reyna hafa sýninguna okkar veglega og erum að vinna í að fá góðan sal fyrir okkur, sýninguna tímanlega en stefnt er á að halda sýningu í apríl, voana að sem flestir gefi kost á sér og mæti með verk á afmælissýninguna okkar ekki skiptir máli hversu gömul verkin eru aðal atriðið er að sjá fallegan tréskurð. Ég minni enn á aftur að ef fólk vill koma einhverju á framfæri senda mér póst á netfangið stefan976@simnet.is ég mun gera mitt besta að verða við óskum ykkar og öll góð ráð vel þegin. Óska vil ég öllum góðs gengis og vona að sjá sem flesta á opnu húsi í nóvember.

Ykkar einlægur Stefán Haukur Erlingsson.

OPIÐ HÚS

Laugardaginn 21. nóvember n.k. verðu opið hús að Dalvegi 12 í vinnustofu Jóns Adolfs milli kl. 10-12. Við fáum áhugaverðar heimsóknir. Kynning á verkfærum sem nýtast okkur í tréútskurði og einnig fáum við að fylgjast með hvernig jólahlutir verða til. Vonandi sjáum við sem allra flesta.

Viðartegundir


Höfum ákveðið að bæta við smá dálk um viðartegundir sem notaðar eru til okkar göfugu greinar sem tréskurðurinn svo sannarlega er, ég mun fjalla um í hverju Brýni valdar tegundir af við sem við getum nýtt okkur í tréskurði sem og rennismíði. Í raun er hægt að nota hvaða við sem er en ekki allar viðartegundir henta til tréskurðar vegna hversu harðar þær eru eða of mjúkar, einnig hvernig liggur í viðnum og hversu mikið er af kvistum í viðnum, persónulega finnst mér þó fallett að sjá stöku kvist sem ekki skemmir og lífgar oft mikið upp á sum verkin þó svo að blessaðir kvistirnir geti verið erfiðir viðureignar. Við höfum mikið af skemmtilegum við á Íslandi þó flestir henti betur til rennismíði birkið þekkja allir sennilega helsti íslenski tréskurðarviðurinn, birkið þykir mér sérlega skemmtilegt þó það geri nokkrar kröfur til manns mjög þétt möguleiki á miklum smáatriðum. Við kannski byrjum á tveimur algengustu viðartegundum sem notaðir eru Linditré og Mahony. Mahony hefur verið á undanhaldi síðustu ár, vegna mjög hversu hátt verð er á mahogany sérstaklega svoköllu honduras mahony sem er mjúkt og mjög gott að skera í og einn allra besta viður sem ég sjálfur hef skorið í og mun alltaf vera í uppáhaldi. Viðurinn skerst vel og mjög gott að skera þvert á æðar en stundum liggur sitt á hvað í viðnum þess vegna kemur það sér vel að viðurinn skerst vel þvert á æðar. Því miður er orðið erfitt að nálgast hann vegna þess að víða er hann orðin friðaður vegna vinsældar hans gegnum aldirnar gengum við heldur langt í að höggva hann niður. Margar mahony tegundir eru þó á markaðnum mjög mismunandi eftir hvaðan þær koma, hefur viðurinn alltaf verið vinsæll og notaður til skreytinga og smíði á húsgögnum svo eithvað sé nefnt. Mahony er þó enn felld í einhverju magni í heiminum og er fánlegt en verðið hefur verið á hraðri uppleið síðustu árin ekki lengra en fyrir ca 15 árum var ógrynni til af viðnum á Íslandi og ekkert mál að nálgast hann sérstaklega sérstaklega mahony frá Honduras sem við viljum nota til tréskurðar, vil þó taka aftur fram að viðurinn fæst enn og hvet alla til að prufa þennan einstaka við, liturinn er einstaklega fallegur rauðbrúnn litur sem engan svíkur.

Linditré Basswood er einn alvinsælasti viður til tréskurðar og sá viður sem við notum einna mest, viðurinn er hæfilega mjúkur skerst vel með og þvert á æðar, hentar byrjendum sem lengra komnum ótrúlegustu smáatriði er hægt gera úr þessum við og hægt að þynna hann ótrúlega mikið, laufblöð geta verið örþunn, viðurinn er gæddum þeim eiginleikum að gefa vel eftir og getur svignað og brotnar ekki auðveldlega þó ótúlegustu smáatriði séu gerð í viðinn, Linditré er ekki eitrað, mikið af við sem við notum er óþverri í öndunarfæri og á hendur hreinlega ber að nota hanska við meðhöndlun og slípun á mörgum viðar-

tegundum, en linditré er none toxic og hendar vel ef á að nota viðinn undir matvæli til dæmis, þessi viður er hreint ótrúlegur enn er aðgengi nokkuð gott og verð sanngjarnt held ég. Mætti þó vera betra og meira úrval því alltaf virðist viðurinn seljast upp nokkuð fljótt hér á landi, einnig mætti flytja inn linditré frá Englandi en þar vex hann líklega hægar og er þéttari, þetta er okkar helsta efni aðgengilegt og auðvelt, vil ég þó hvetja alla til að prufa fleiri viðartegundir í lokin vil þó segja að ekki er ég sérfræðingur í viðarfræðum og fer ekkert út í nánari lýsingar og flókin latnesk orð en nota mína reynslu af ýmsum viðartegundum sem ég hef notað síðustu 30 árin, gangi ykkur vel ykkar einlægur Stefán.

Mahony

Lind



Jón Adolf Steinólfsson kosinn bæjarlistamaður Kópavogs.

Það er einstaklega gaman að heyra að maður úr okkar röðum hafi hlotið viðurkenninguna bæjarlistamaður Kópavogs, en enginn annar en listamaðurinn Jón Adolf Steinólfsson hlaut nýverið þessa viðurkenningu. Er þetta heldur betur lyftistöng fyrir tréskurðinn. Verður gaman að fylgjast með Jóni, en hann mun meðal annars leiðbeina krökkum vinna að verkefnum og bera út boðskað eins og jákvæða hugsun, Jón Adolf til hamingju með þetta.

